

Mætt voru Brynhildur, Hilmir, Elsa, Fanney, Anna Lilja, Haukur og Anna Sjöfn, eigum börn í 3., 5., 6., 7., 8., og 9. Bekk.

1. Samtaka stendur fyrir fyrirlestri fyrir foreldra þar sem Þorgrímur Þráinsson heldur. Hann verður með fyrirlesturinn fyrir alla 10.bekkinga Akureyrar nú í febrúar. Fyrirlesturinn kallast **Verum ástfangin af lífinu** og hann varir í 80 mínútur.

Lykilsetningin er: *Því fyrr sem þið gerið ykkur grein fyrir því að þið berið ábyrgð á lífi ykkar, því betra.*

Þorgrímur fjallar um mikilvægi markmiðasetningar, sinna litlu hlutunum daglega (vakna fyrr, búa um rúmið, út með ruslið etc), einnig fjallar hann um mikilvægi liðsheildar og þess að vera flottur persónuleiki, hjálpa öðrum. Og fleira og fleira. Glærur, myndbönd, sögur, staðreyndir.

2. Næstkomandi þriðjudag 11.febrúar verður sameiginlegur fundur Samtaka stjórna foreldrafélaga í Brekkuskóla kl.20. vinnufundur þar sem m.a. á að taka fyrir máltíðir og sérstaklega föstudagsmáltíðir eftir því sem við komumst næst.
3. Ræddum aðeins um instagramreikninginn Fávitur og Karlmannskan og þau voru með fyrirlestra fyrir 9.bekk á Akureyri í síðustu viku.
4. Rætt var um böllin í öðrum skólum fyrir unglingastigið. Biðja skóla að samræma þessi böll betur og jafnvel að finna miðlæga síðu þar sem þau eru auglýst með praktískum atriðum svo foreldrar allra skóla bæjarins geti betur fylgst með hvenær og staður og tímasetning, hvers er til ætlast (reif búningur fyrir reif ball t.d.) og hvað kostar/hvað þarf barn að vera með mikinn pening. T.d. ef félagsmiðstöðvarnar kæmu inn í þetta auglýsingaferli. Einnig fannst foreldrum mjög slæmt að hafa böll til 23:30 á fimmtudögum þegar er skóli daginn eftir. Viljum setja skilyrði um að foreldrar séu að lágmarki 6 og jafn kynjaskipt sem gæslumenn á böllum og standi úti til að hafa fælingarmátt vegna bíla sem koma á bílastæði til að selja dóp. Fréttum af einum skóla þar sem gæslan tók niður bílnúmer og upplýsti lögreglu og af þeim bílum sem lögregla stöðvaði eftir ábendingum gæslumanna voru þrír sem innihéldu dóp ætlað til sölu. Anna Sjöfn heyrir í fræðslustjóra vegna málsins.
5. Símaþangi ekki fylgt nógu vel eftir, börnin (sérstaklega unglingastig) eiga að vera ekki með síma en eiga svo í einhverjum tilfellum að nota síma til að leita upplýsinga eða taka mynd af glósum. Ef er símaþangi foreldrar að geta treyst því að börnin séu ekki beðin um að nota síma í skólanum svo þau geti skilið símana eftir heima. Myndar togstreitu og tuð.
6. Úthlutun bekkjarkvölds upphæðar, rætt um hvort væri betra að hafa þetta miðað við fjölda barna, upphæð per haus en ekki heildar upphæð. Verðum að skipa bekkjarfulltrúa næsta vetur til að halda bekkjarkvöld, foreldrafélagið getur gert það eða skólastjórn. Þurfum að ræða það. Pressum á alla bekk að halda eitt eða tvö bekkjarkvöld á vorönn, einn bekkjarkvöldsstyrkur var greiddur á haustönn.
7. Hvernig er hægt að aðlaga skólaumhverfið betur að einstaklingnum í Naustaskóla? Samanber fyrirlesturinn um einhverfuna sem var haldinn í Naustaskóla þar var m.a. talað um að sumum börnum finnist vont að koma í anddyri með fullt af öðrum börnum, mætti hliðra til og fá að koma 10 mín seinna án þess að fá seint? Hvetja foreldra til að ræða sérstöðu barnsins við skólastjórnendur og kennara og finna sameiginlega lausn.
8. Er hægt að fá Classroom/kennslustofuna á íslensku, ætti Naustaskóli að vera í farabroddi fyrir slíku verkefni ef hægt er?
9. Foreldrum vantar kennslu á Kennslustofuna/classroom og jafnvel Mentor. Er einhver staður sem hægt er að benda á, youtube myndband, myndband á íslensku eða jafnvel haldinn fundur í skólanum fyrir foreldra þar sem farið væri yfir praktísk atriði? Foreldrar myndu vilja hafa

skoðunaraðgang fyrir foreldra þar sem við getum bara skoðað og séum ekki að fara inn á Kennslustofuna nema bara til að fylgjast með og ekki á aðgangi barnanna.

10. Getum við foreldrar krafist þess við kennara í öllum bekkjum að bækurnar og áætlanir fari heim einu sinni í mánuði og ef kennarar sjá að barn er eftir á að upplýsa foreldra strax svo hægt sé að grípa fyrr inni? Samkvæmt tölfræði eru kennarar 34% í kennslu með börnunum okkar og 66% í undirbúningsvinnu/foreldravinnu, þetta kemur beint frá fræðslustjóra, einhver hluta af þessum tíma má eyða í stöðuuppfærslur til foreldra þar sem stefna skólans sé ekki heimanám sem er gott og vel en það er erfiðara fyrir foreldra að fara yfir stöðu.
11. Skelfilegt að verknámsgreinar falli svona oft niður, það verður að vera til afleysingakennari sem kemur inn í verknámsgreinarnar. Við erum ósjálfrátt að segja börnunum að verknámið sé ekki eins mikilvægt og bóknámið með því að fella slíkar greinar niður ef ekki fæst afleysing. Vinna forfallakennarar ekki eftir námsskrá eins og aðrir kennarar?
12. Reyna eftir fremsta megni að rúlla ekki kennurum á milli bekkja. 3. Bekkur hefur haft 4 umsjónarkennara og 6. Bekkur 5 umsjónarkennara. Reyna að halda sama kennara allavega þessi tvö/þrjú ár sem samkennslan er í 2.-3 bekk, 4.-5. Bekk 6.-7. Bekk og 8.-10. Bekk.
13. Koma á foreldravöldum í byrjun skólaárs í hverjum bekk, þar sem foreldrar hittast og kynnast, gæti verið spurningakeppni, vist, spilakvöld eða bara spjallkvöld, fyrirlesari, spurning hvort for.fél. styrki það.
14. Á ársfundi foreldrafélagsins að vera með fyrirlesara.
15. Maturinn í skólanum var ræddur einu sinni enn. Farið var í smávegis rannsóknarvinnu og talað við aðila sem vinnur í Giljaskóla. Þar er hægt að kaupa lágmarksfjölda máltíða 10 stk. Einnig voru sendar myndir af salatbar Giljaskóla, sjá neðst í skjalinu.
Heilsufarsviðmið eru að börn fái að lágmarki eina heita máltíð á dag og holla máltíð, komi ekki svöng heim úr skólanum. Okkur í foreldrafélaginu langar að gera könnun til foreldra í gegnum vefkönnunarferli um matinn í skólanum og senda skólastjórnendum niðurstöðurnar.
16. Að lokum viljum við í for.félaginu fá fund með stjórnendum skólans til að ræða ýmis málefni, mörg af þeim af þessum fundi.

EINN PUNKTUR FYRIR ÁRGANGASÍÐURNAR.

Foreldrafélagið gerir kröfu á alla árganga um að halda bekkjarkvöld á vorönn að lágmarki eitt en flott ef eru fleiri. Hver bekkur hefur til umráða 20 þúsund krónur til að halda bekkjarkvöld sem má nota í eitt skipti eða skipta niður á fleiri bekkjarkvöld. Hugmyndir að bekkjarkvöldum eru eftirfarandi, fannst með gúggli – <http://lundarskoli.is/wp-content/uploads/2015/04/Bekkjarkv%C3%B6ld.pdf> - <https://samfok.is/bekkjjarfulltruar/hugmyndabanki-bekkjjarfulltrua> - <http://www.xn--holtaskli-c7a.is/Foreldrafelag/Argangafulltruar/Hugmyndir/>

Myndir frá salatbar Giljaskóla.

